



# Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík  
Sími 92-3100

Fundur haldinn í stjórn skólanefndar fimmtudaginn 27. ágúst 1987 kl 16 á skrifstofu skólameistara.

Fundin sátu: Hilmar P. Hilmarsson, Guðmundur Björnsson, Bogi Hallgrímsson og Hjálmar Arnason.

Þetta gerðist:

1. Rætt um málefni Sigurðar Erlendssonar og lyktir þess máls.
2. Rætt um leiguhúsnæði fyrir suðudeild að Iðavöllum 3. Ákveðið að taka málið upp á skólanefndarfundum.
3. Guðmundur lagði fram bréf til stjórnar skólans frá Eldvarnar-eftirliti ríkisins og Brunavörnum Suðurnesja. Ákveðið að leggja efni bréfsins fyrir skólanefndarfundum.
4. Rætt um áfallinn kostnað vegna viðbyggingar.
5. Samþykkt að beina því til skólanefndar að kaupa húsgögn á skrifstofu samkvæmt tillögu skrifstofufólks.
6. Ákveðið að leita eftir samþykki skólanefndar fyrir formlegri vígsluathöfn viðbyggingar mánudaginn 7. september n.k. kl. 10.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Hjálmar Arnason skráði.